



Húsafríðunarsjóður 2016

Umsókn um styrk

Eyðublaði þessu skal skila inn útfylltu til Minjastofnunar Íslands með tölvupósti á husafridunarsjodur@minjastofnun.is. [Skila þarf inn umsóknum eigi síðar en 1. desember 2015.](#) [Umsóknir sem berast síðar koma ekki til álita við úthlutun.](#)

Fylla þarf út og senda eyðublaðið á rafrænu formi. Notið nýlega útgáfu af Adobe Reader (nýjustu útgáfu má finna [hér](#)). Ekki er hægt að skila inn handskrifuðum umsóknum. Athugið að fylla út viðeigandi reiti á skilmerkilegan hátt, skortur á upplýsingum getur haft áhrif á mat umsóknar. Aðeins ákveðinn fjöldi orða kemst í reiti umsóknareyðublaðsins. Sé talin þörf á að senda ítarlegri upplýsingar um einstaka liði má senda þær með umsókninni sem viðhengi. Þrátt fyrir að slíkt sé gert þarf einnig að fylla í alla viðeigandi reiti umsóknareyðublaðsins og er þá notast við styttri lýsingar/skilgreiningar þar og vísað í viðhengi vegna ítarlegri upplýsinga.

[Vista þarf skjalið í tölvuna áður en byrjað er að fylla það út. Ekki er hægt að fylla skjalið út í netvafra, heldur þarf að gæta þess að það opnast í adobe forritinu áður en útfyllingin er hafin annars vistast breytingarnar ekki.](#)

Mikilvægt er að heiti umsóknareyðublaðsins sé ekki breytt heldur vistað undir sjálfgefna heitinu sem upp kemur þegar skjal er opnað, þ.e. „2016_umsokn_husafridunarsjodur“ og sent undir því heiti sem viðhengi með tölvupósti. Vinsamlega sendið einungis eina umsókn ásamt viðhengjum í hverjum tölvupósti. Ef senda á fleiri en eina umsókn á að senda hverja og eina í sérstökum tölvupósti.

[Apple notendur vinsamlegast athugið:](#) eftir að skjalið hefur verið vistað í tölvuna þarf að fyrst að opna Adobe forritið og opna skjalið í gegnum það áður en hægt er að fylla það út.

Farið vel yfir athugasemdir/útskýringar við reiti þar sem þær er að finna svo eyðublaðið verði rétt fyllt út. Útskýringar er að finna neðanmáls og birtast þegar mús er rennt yfir svarreiti.

Yfirfarið umsóknina vel áður en hún er send og gætið þess að upplýsingar séu í öllum viðeigandi reitum. Nauðsynlegt er að ljósmyndir af núverandi útliti/ástandi fylgi ef um hús eða mannvirki er að ræða og æskilegt að senda líka með gamlar myndir af húsinu/mannvirkinu. Oft er hægt að nálgast gamlar myndir hjá Ljósmyndasafni Íslands eða í Ljósmyndasafni viðkomandi sveitarfélags. Einnig má finna gamlar myndir á vefnum t.d. á www.sarpur.is

[Vakin er athygli á að styrkjum er úthlutað til eins árs í senn og nú til verkefna sem framkvæmd verða á árinu 2016. Heimilt er að sækja um styrk fyrir verkefnum sem lokið var við árið 2015.](#)

[Nýti styrkþegi sér ekki úthlutaðan styrk á sama ári og honum er úthlutað fellur hann niður. Að jafnaði getur styrkur ekki numið hærri upphæð en 50 % af kostnaði.](#)

1. Staða verkefnis

A. Hefur áður verið sótt um styrk í húsafriðunarsjóð vegna viðkomandi verkefnis/húss/mannvirkis?	Já
B. Er verkefnið sem sótt er um styrk til nú hluti af eða áfangi í stærri framkvæmd/rannsókn sem lokið verður á fleiri árum? ¹	Já

2. Heiti verkefnis

Fischershús, Hafnargötu 2, Keflavík, Reykjanesbæ
--

3. Tegund verkefnis sem sótt er um styrk til

Um hvers konar verkefni er að ræða?	Framkvæmd/ir vegna endurbóta á húsi eða mannvirki
-------------------------------------	---

4. Upplýsingar um umsækjanda/styrkþega²

A. Nafn	Reykjanesbær
B. Kennitala	4707942169
C. Heimilisfang ³	Tjarnargötu 12
D. Póstnúmer	230
E. Staður	Reykjanesbær
F. Sími	4216700
G. Farsími	
H. Tengiliður/ábyrgðaraðili ⁴	Jón Jónsson
I. Tölvupóstfang	jon@reykjanesbaer.is
J. Bankareikningur ⁵	123-26-123456

¹ Athugið að skv. úthlutunarreglum þarf að gera grein fyrir áfangaskiptingu og heildarkostnaði ef um er að ræða hluta af eða áfangi í stærri framkvæmd/rannsókn. Liggja þær upplýsingar fyrir skal senda þær með umsóknareyðublaði sem viðhengi.

² Hér er mikilvægt að umsækjandi sé sá aðili sem gert er ráð fyrir að styrkur verði greiddur til. Veitt styrkloforð verða skráð á kennitölu umsækjanda og greidd inn á bankareikning á sömu kennitölu. Hér getur verið um einstakling, félag, fyrirtæki, stofnun, félagasamtök eða aðra lögaðila að ræða. Sé styrkþegi ekki einstaklingur er mikilvægt að tilgreina tengilið/ábyrgðaraðila hér neðar.

³ Hér er átt við heimilisfang sem svarbréf á að sendast á.

⁴ Hér er átt við tengilið/ábyrgðaraðila vegna þessa verkefnis ef styrkþegi er ekki einstaklingur heldur fyrirtæki, stofnun eða aðrir lögaðilar.

⁵ Hér er átt við bankareikning þann sem greiða á mögulegan styrk inn á. **Bankareikningurinn þarf að vera á kennitölu umsækjanda, sem gefin er upp í reit 4 B hér að ofan.**

Athugið að liði 5, 6 og 7 þarf eingöngu að fylla út ef um hús eða mannvirki er að ræða. Ef um byggða- og húsakönnun, rannsóknarverkefni eða önnur verkefni er að ræða er farið beint í lið 8.

5. Upplýsingar um viðfangsefni (ef um hús eða mannvirki er að ræða)

A. Heiti húss/mannvirkis	Fischershús
B. Heimilisfang	Hafnargata 2
C. Póstnúmer	230
D. Staður	Reykjanesbær
E. Landnúmer skv. Fasteignaskrá ⁶	127084
F. Fastanúmer húss/mannvirkis skv. Fasteignaskrá ⁷	208-7957
G. Staðsetning húss/mannvirkis sem ekki er í Fasteignaskrá skal skrá í hnitakerfinu ISN93 ⁸	
H. Byggingarár ⁹	1880
I. Byggingarefni	Timbur, bindingsverk
J. Upprunalegur höfundur/arkitekt	Ókunnur
K. Höfundur/arkitekt fyrirhugaðra endurbóta	Páll V. Bjarnason arkitekt
L. Iðnmeistari endurbóta	Óákveðið
M. Þinglýstur eigandi ¹⁰	Reykjanesbær
N. Kennitala þinglýsts eiganda	4707942169
O. Upplýsingar um þinglýsta eigendur	Einn þinglýstur eigandi

6. Staða friðlýsingar

Er viðkomandi hús/mannvirki friðlýst?	Nei
---------------------------------------	-----

⁶ Sjá www.skra.is/fasteignaskra .

⁷ Sjá www.skra.is/fasteignaskra .

⁸ Sjá t.d. <http://atlas.lmi.is/kortasja/>.

⁹ Sjá t.d. www.skra.is/fasteignaskra .

¹⁰ Ef um er að ræða fleiri en einn þinglýstan eiganda er nóg að tilgreina einn hér.

7. Stutt lýsing á sögu húss/mannvirkis, áður gerðum breytingum, núverandi ástandi og fyrirhuguðum breytingum og notkun húss/mannvirkis (mest 2000 slög)

Waldimar Fischer byggði húsið 1881 tvíloftað úr bindingsverki og klætt listasúð með skífupaki, í anda alþingishúss, sem byggt var sama ár. Verslunin var á neðri hæð og faktorinn bjó á efri hæðinni.

Fiscershús var glæsilegt hús og fyrsta tvíloftaða húsið í Keflavík. Byggingarmátinn þótti ekki síður frásagnarverður því húsið var tilsníðið í Danmörku, hver spýta merkt áður en húsinu var pakkað niður og það síðan reist í Keflavík án þess að einn nagli væri notaður í grindina, allt var þar geirneglt. Húsið var síðan lengi í höndum útgerðarmanna og fiskvinnslufyrirtækja og reyttust af því fjaðrirnar smám saman. Húsið er órjúfanlegur hluti af verslunartorfunni í Keflavík og jafnframt djásn þeirrar gömlu byggðar. Þessi verslunartorfa er ein sú heillegasta á landinu og væri mikill fengur fyrir húsafríðun í landinu að hún yrði endurgerð með reisn og komið í notkun á ný.

Í upphafi var skífupak á húsinu og listasúð á veggjum. Fyrirhugað er að endurbyggja húsið í þeirri mynd. Það verður gert í áföngum, þ.e. fyrsta verk er að endurgera þakið, sem er klætt báruðum asbestplötum að því er virðist. Vandasamt er að fjarlægja og farga þeim, en nauðsynlegt. Þakið er orðið mjög lúíð og lekt. Áætlaður 1. áfangi er því þak og framhlið hússins án útbygginganna tveggja. Endurbygging þeirra krefst tilfærslu á götunni og lækkun jarðvegs framan við húsið og er dýr framkvæmd. Áætlað er að ráðast í hana í síðari áföngum.

Athugið að ef um er að ræða framkvæmdir, áætlanagerð eða undirbúningsvinnu vegna viðhalds eða endurbóta á húsi eða mannvirki þarf ekki að fylla út liði 8 og 9 heldur er farið beint í lið 10.

8. Upplýsingar um byggða- og húsakönnun/rannsóknarverkefni/önnur verkefni

A. Tegund rannsóknar	Á ekki við
B. Yfirumsjón með rannsókn, nafn	
C. Starfsheiti	
D. Menntun og/eða fagleg þekking/reynsla	
E. Aðrir þátttakendur rannsóknar (nafn, starfsheiti, menntun/þekking).	
F. Staðsetning viðfangsefnis ¹¹	
G. Er byggða- og húsakönnun unnin af eða í samvinnu við viðkomandi sveitarfélag?	Já

9. Lýsing á rannsókn¹² (mest 1500 slög)

¹¹ Ef um er að ræða byggða- og húsakönnun þarf að tilgreina sveitarfélag. Ef um er að ræða rannsóknarverkefni eða önnur verkefni sem afmarkast við ákveðin sveitarfélög eða landsvæði er rétt að tilgreina það.

¹² Hér þarf að koma fram stutt lýsing á rannsókninni og aðferðarfræði hennar, eftir því sem við á t.d. hvert rannsóknarefnið er, hvaða heimildir stuðst verður við, hvernig að rannsókninni verður staðið, hvaða búnað, tæki eða hugbúnað verður notast við og í hvaða formi niðurstöðum rannsóknar verður skilað.

10. Verkáætlun (mest 1500 slög)¹³

Fyrirhugað er að endurbyggja húsið í upprunalegri mynd. Það verður gert í áföngum.

Fyrsta verk er að endurgera þakið, sem er klætt báruðum asbestplötum að því er virðist. Vandasamt er að fjarlægja og farga þeim, en nauðsynlegt. Þakið er orðmjög lúíð og lekt. Áætlaður 1. áfangi er því þak og framhlið hússins án útbygginganna tveggja. Endurbygging þeirra krefst tilfærslu á götunni og lökkun jarðvegs framan við húsið og er dýr framkvæmd. Áætlað er að ráðast í hana í síðari áföngum.

1. Áfangi :

Hönnun og útboðsgögn.

Endurgerð á þaki, þ.e. skífupak á lektum með þakgluggum.

Endurgerð framhliðar utanhúss, klæðning og gluggar.

Áætlaður tími hönnunar og útboðs : mars-júní 2016

Áætlað upphaf 1. áfanga : júlí 2016

Áætluð verklok 1. áfanga : nóvember 2016

2. áfangi er á dagskrá 2017.

Athugið að liður 11 er eingöngu ætlaður fyrir umsóknir um áætlanagerð/undirbúning vegna endurbóta á húsi/mannvirki, byggða- og húsakannanir, rannsóknaverkefni og önnur verkefni. Ef um framkvæmdir vegna endurbóta á húsi/mannvirki er að ræða er farið beint í lið 12.

11. Kostnaðaráætlun vegna áætlanagerðar, byggða- og húsakannana og rannsóknarverkefna 2016

Aðkeypt vinna	
Eigið vinnuframlag	
Efniskostnaður	
Tækjakostnaður	
Aðstöðukostnaður	
Ferðakostnaður	
Annað (vinsamlega skilgreinið hér fyrir neðan):	
1.	
2.	
3.	
Samtals kostnaður	0 kr

¹³ Hér þarf að koma fram hvenær áætlað er að verkefnið hefjist, tilgreina þarf helstu verkþætti og hvað þeir fela í sér (í stuttu máli) og hvenær áætlað er að verkefninu ljúki.

Athugið að liður 12 er **eingöngu ætlaður fyrir umsóknir um framkvæmdir vegna endurbóta á húsi/mannvirki**. Vinsamlega athugið að ekki þarf að leggja saman kostnaðarliði hér að neðan.

12. Kostnaðaráætlun vegna framkvæmda við endurbætur á húsi/mannvirki 2016

Heiti verkþáttar: ¹⁴	Upphæð:
Hönnun og áætlanagerð	4.600.000 kr
Rif og brottflutningur	1.474.350 kr
Klæðningar utanhúss	4.966.450 kr
Þak	19.109.990 kr
Sökkull	142.300 kr
Gluggar og útihurðir	1.937.160 kr
Frágangur á tréverki utanhúss	4.005.865 kr
Málun utanhúss	2.755.200 kr
Ófyrirséð 5%	1.949.565 kr
Samtals allir verkþættir	40.940.880 kr

13. Fjármögnun verkefnis 2016

Eigið framlag	25.940.880 kr
Aðrir styrkir/framlög frá öðrum en húsafriðunarsjóði:	
Húsafriðunarsjóður Reykjaness	5.000.000 kr
Byggðastofnun	5.000.000 kr
Styrkur sem sótt er um nú í húsafriðunarsjóð	5.000.000 kr
Samtals fjármögnun ¹⁵	40.940.880 kr

Athugið að samtala (samtals fjármögnun) skal stemma við samtölu í lið 11 eða 12, eftir því hvor liðurinn er notaður.

14. Ögreiddur styrkur úr húsafriðunarsjóði frá síðasta ári (2015)¹⁶

Samtals	0 kr
---------	------

¹⁴Dæmi um sundurliðun á verkþætti: 1. Kostnaður við þak, 2. Kostnaður við glugga, 3. Kostnaður við klæðningu, 4. Kostnaður við annað, 5. Kostnaður við ófyrirséð, o.s.frv.

¹⁵ Athugið: Að jafnaði er veittur styrkur ekki hærrí en 50% af heildarkostnaði

¹⁶ Í þennan lið á einungis að fylla ef veittur hefur verið frestur á nýtingu styrks úr húsafriðunarsjóði frá fyrra styrkari.

15. Upptalning á viðhengjum og lýsing á innihaldi þeirra

Sundurliðuð kostnaðaráætlun
Gamlar ljósmyndir af Fischershúsi (4 stk).
Nýjar ljósmyndir af húsinu í núverandi mynd (8 stk)
Söguágrip Fischershúss
Tillaga PArk arkitekta af mögulegri nýtingu hússins (teikning í mk. 1:100)

16. Annað sem umsækjandi vill koma á framfæri (mest 1200 slög)

Í framtíðarsýn Reykjaneshúsa 2010-2014 segir m.a.:
"Listatorgið við Hafnargötu 2
Unnin verður áætlun um endurgerð / niðurrif húsanna við Hafnargötu 2 með það í huga að þarna geti orðið miðstöð sjónlista í bæjarfélaginu. Hafin verður endurgerð á Fischershúsi og Svarta þakkhúsi og Vélasal haldið vel við.
Ábyrgð: MEN og USK, verkefnisstjóri VG
Tími: Fram til 2014"

Vinsamlega yfirfarið umsóknina vel áður en hún er send. Gæta þarf þess að upplýsingar séu í öllum viðeigandi reitum, nauðsynlegt er að ljósmyndir af núverandi útliti/ástandi fylgi ef um hús eða mannvirki er að ræða og að kostnaðaráætlun sé greinargóð.

Sé umsókn ekki skilmerkilega fyllt út eða vanti umbeðnar upplýsingar verður ekki hægt að taka afstöðu til hennar.